

## Borgarstjórn Reykjavíkur

24. maí 2022

### Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins um viðveru sálfræðinga í öllum grunnskólum borgarinnar

Borgarstjórn samþykkir að hefja undirbúning að því að tryggja fasta viðveru sálfræðinga í öllum grunnskólum borgarinnar í 100% starfi. Samkvæmt kostnaðarmati sem var lagt fyrir fund velferðarráðs 2. mars 2022, þyrfti 44 stg. til að sinna öllum grunnskólunum ef einn sálfræðingur væri í 100% starfi í hverjum grunnskóla borgarinnar. Ef einn sálfræðingur væri í hverjum grunnskóla alla daga vikunnar þá vantar 409 m.kr. uppá fjárheimildir. Nánar má lesa um kostnaðarmatið [hér](#). Einnig er þörf á því að tryggja góða aðstöðu innan skólanna fyrir sálfræðingana. Velferðarsviði verði falið að hefja þann undirbúning svo að föst viðvera sálfræðinga geti hafist sem fyrst. Leitað verði til annarra sviða og aðila innan borgarinnar vegna undirbúnings og útfærslu ef þörf þykir. Í framhaldi verði málinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2023.

### Greinargerð

Víða hefur verið kallað eftir því að sálfræðipjónusta færist nær börnum og ungmönnum. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um betra aðgengi að sálfræðipjónustu í grunnskólum Reykjavíkur, frá því í febrúar á þessu ári, kallaði eftir betra aðgengi að sálfræðipjónustu í grunnskólum Reykjavíkur. Þar kom fram að andleg líðan unglunga fari versnandi á milli ára og að aðgengi að sálfræðipjónustu væri ekki nægilega gott. Erfitt geti verið að leita sér aðstoðar og langur biðlisti væri eftir þjónustu skólasálfræðinga borgarinnar. Fyrir hönd unglunga í Reykjavík var óskað eftir því að sálfræðingar yrðu starfandi í öllum grunnskólum borgarinnar.

Ljóst er að skapa þarf rými fyrir sálfræðinga innan grunnskólana. Um þetta er fjallað í svari við fyrirspurn Sósíalistaflokks Íslands varðandi það hvað þurfi að eiga sér stað til þess að tryggja góða aðstöðu innan skólanna. Skólar í Breiðholti hafa náð að skapa góða aðstöðu en í öðrum skólum þarf að líta til þátta líkt og rýmis og að rýmið henti vel fyrir þá þjónustu sem verið er að veita.